

**Nd.**

## **215. Frumvarp**

til laga um mat á fiskúrgangi.

Flm.: Jónas Guðmundsson.

### **1. gr.**

Allan hertan fiskúrgang (hryggi og hausa) og úrgang, sem seldur er til framleiðslu á fiskmjöli hér á landi eða til útflutnings, skal meta af þar til skipuðum opinberum matsmönnum. Nánari fyrirmæli um hirðingu og meðferð skreiðar gefa matsmenn, samkvæmt erindisbréfi, er þeim verður sett.

### **2. gr.**

Matsmenn á skreið skipar lögreglustjóri á hverjum stað. Skulu það að jafnaði, þegar því verður við komið, vera sömu menn og hafa á hendi fiskimatið.

Áður en matsmenn taka til starfa skulu þeir undirrita eiðstaf, er ráðuneytið fyrirskipar.

### **3. gr.**

Þóknun matsmanna fyrir starf þeirra við matið greiðir eigandi skreiðar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um matið.

### **4. gr.**

Matsmenn mega ekki taka við nokkurri þóknun frá þeim, er matið er fyrir, eða öðrum, annari en þeirri, sem ákveðin er í reglugerð um matið.

Þeir mega ekki vera í þjónustu þeirra, er metið er fyrir, eða kaupenda skreiðar.

5. gr.

Sá, sem selur skreið án þess áður að láta meta hana og fá vottorð um matið, skal sæta 500—2000 kr. sektum í rikissjóð. Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Um hegningu fyrir brot matsmanna gegn ákvæðum laga þessara fer eftir ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram að tillutun Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda, en í því félagi eru flestar eða allar fiskmjölsverksmiðjur hér á landi, og fylgir því frá formanni félagsins svo hljóðandi greinargerð:

„Það er álit allra fiskimjölsframleiðenda á Íslandi, að nauðsynlegt sé, að nú þegar verði sett lög um mat á skreið allri, sem seld er til fiskimjölsframleiðslu hér á landi, og eins til útflutnings. Ástæður fyrir þessum kröfum er reynsla sú, er framleiðendur hafa fengið síðan framleiðsla á fiskimjöli byrjaði hér á landi. Það virðist vera augljóst, að það er nauðsynlegt að vanda til framleiðslu skreiðar, ef framleiða á fyrsta flokks vöru, sem er fær um að keppa við aðrar þjóðir, í þeim löndum, sem fiskimjöl er notað. Undanfarið hefir horið mikið á því, að ekki hefir verið vandað til skreiðar sem skyldi, og hefir þess vegna ekki fengizt eins gott verð fyrir ísl. fiskimjöl eins og keppinautar okkar hafa fengið fyrir þessa vöru. Eins virðist það vera nauðsynlegt að hafa samræmi í mati og meðferð á þessari framleiðslu, til þess að einstaka menn ekki geti hagnazt á kostnað þeirra, sem vilja vanda sína vöru og leggja mikið á sig til þess að ná sem beztum árangri hvað vörugæði snertir, en hera mjög litið meira úr býtum en þeir, sem ekkert gera fyrir þessa vöru, en ætlast til að fá eins hátt verð og þeir framleiðendur, sem hafa fyrsta flokks skreið. Þetta verður ekki lagfært nema með matslögum á svipuðum grundvelli og fiskimatslögin, þar sem hver framleiðandi ber úr býtum eftir gæðum framleiðslunnar.

Fiskiúrgang mundi þurfa að meta á svipaðan hátt og hér greinir:

Í fyrsta flokki væru algerlega gallalausir hausar og hryggir, þ. e. skreið, sem ekki hefir skemmzt af rotnun eða orðið óeðlileg að þyngd vegna óhreininda, svo sem sands og moldar. Ennfremur yrði það skilyrði þess, að skreiðin metist í fyrsta flokk, að varan sé fullþurr þá er hún er vegin, og þar með nógu gömul, en það er hún ekki fyrr en kinnfiskurinn er orðinn vel harður og hvítur. Er þá gert ráð fyrir, að vatnsinnihald skreiðarinnar sé sem næst 15%.

Í annan flokk félli sú skreið, sem ber þess menjar, að einhver rotnun hafi átt sér stað á hráefninu, enda þótt sú rotnun sé óveruleg. Svo og skreið sú, sem er sandborin, þó óverulegt sé.

**Í þriðja flokki** yrði sú skreið, er rotnað hefir svo mjög, að kinnfiskur annar er horfinn. Svo og ef augu hafa rotnað burtu, annað eða bæði. Undir þennan flokk félli einnig skreið sú, sem er sand- eða moldarborin, svo að áberandi sé, þannig að sand hefir fest í tálknum áður en skreiðin varð það þurr, að hún varðist skemmdum. Ákvæði þyrftu og að vera um það, að tjargaðar linur væru ekki notaðar við verkun skreiðar, og að ekki mætti meta, vigta eða útskipa þurrum fiskiúrgangi nema í þurru veðri. Ennfremur að skreið mætti ekki byrja að meta fyrir 15. júní ár hvert.“